

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 67/95
frá 22. nóvember 1995**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94
frá 21. mars 1994⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og
umbúðargang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (tilskipun ráðsins 93/12/EBE) í XVII. kafla II. viðauka
við samninginn:

„7. 394 L 0062: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um
umbúðir og umbúðargang (Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Berg

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker